

## Stofnanasamningur

milli Félags sjúkraþjálfara og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

### 1) Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til félagsmanna Félags sjúkraþjálfara (FS) og eftirtalinna aðildarfélaga Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV): Sóltún, Fellsendi, Hrafnistuheimilin, Grund, Mörk, Ás, Lundur, Vigdísarholt/Sunnuhlíð, Eir, Skjól, Hamrar.

Stofnanasamningurinn er gerður á grundvelli samkomulags um breytingar og framlengingu á kjarasamningum Félags sjúkraþjálfara (FS) og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) dags. 23.10.2015. Þessi stofnanasamningur tekur tillit til útfærslu menntunarákvæða sem um getur í 2. gr. þess samkomulags.

### 2) Markmið samnings

Með gerð stofnanasamnings stefna samningsaðilar að eftirfarandi markmiðum:

- Að þróa og útfæra skilvirkta launakerfi sem taki mið af þörfum, verkefnum og markmiðum stofnana SFV, hvetji til árangurs og að starfsmenn geti aukið við hæfni sína og þróast í starfi.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnunum SFV er ætlað að sinna.
- Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnana SFV og verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og aukinna afkasta.
- Að launakerfið stuðli að jafnrétti kynja. Konur og karlar njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf.

*[Signature]*

*E.H.*

### 3) Grunnnröðun

#### Sjúkrabjálfari A: *Grunnnröðun launaflokkur 6.0*

Er byrjandi í starfi. Nýtur tilsgnar reyns fagaðila við störf sín en starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

#### Sjúkrabjálfari B: *Grunnnröðun launaflokkur 7.0*

Starfar sjálfstætt án beinnar tilsgnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki. Gert er ráð fyrir að sjúkrabjálfari uppfylli þessi skilyrði í síðasta lagi eftir 1 ár í starfi (frá útskrift óháð starfsstað).

#### Sjúkrabjálfari C: *Grunnnröðun launaflokkur 8.0*

Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda. Gert er ráð fyrir að sjúkrabjálfari uppfylli þessi skilyrði í síðasta lagi eftir 3 ár í starfi (frá útskrift óháð starfsstað).

#### Sjúkrabjálfari D: *Grunnnröðun launaflokkur 9.0*

Er mjög vel fær í starfi, virkur í teymisvinnu og innleiðir nýjungrar á sínu fagsviði. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Er fullrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnnum, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og stofnunarinnar

#### Sjúkrabjálfari E: Aðstoðardeildarstjóri, launaður staðgengill deildarstjóra. *Grunnnröðun launaflokkur 10.0*

Aðstoðardeildarstjóri ber ábyrgð á starfsemi, mönnun og rekstri deildar í fjarveru deildarstjóra. Vinnur í samráði við deildarstjóra að skipulagningu á starfsemi deildar. Sérstök ábyrgð á tilteknum verkefnum sem deildarstjóri felur honum samkvæmt sérstakri verkefnalýsingu.

#### Deildarstjóri:

Deildarstjóri ber ábyrgð á rekstri deildar sinnar. Staða deildarstjóra felst í stjórnun, áætlunargerð og samhæfingu við stefnu stofnunar. Hann ber ábyrgð á faglegri framþróun, vinnuskipulagi, daglegum rekstri og samskiptum við aðrar deildir og stofnanir. Hann metur fræðsluþarfir samstarfsfólks og hefur frumkvæði að fræðslu. Deildarstjóri sér um starfsmannasamtöl ásamt því að hafa ákveðin skilgreind verkefni.

MP  
E.H.

## Stofnanasamningur SFV og FS - 2017

- a) Deildarstjóri minni stofnana (50 – 99 rýma eining) – *Grunnröðun launaflokkur 10.0 – 11.0*
- b) Deildarsstjóri stærri stofnana (a.m.k. 100 rými) – *Grunnröðun launaflokkur 11.0 – 12.0*

### 4) Persónubundnir þættir

- a) Störf sjúkraþjálfara grunnraðast í þrep 1 í launatöflunni þar sem sjúkraþjálfaranám er 240 ECTS eininga nám.

Formleg viðbótarmenntun sem nýtist starfsmönnum í viðkomandi starfi og sem er umfram kröfur til starfs leiðir til hækjunar sem hér segir:

30 ECTS einingar .....	1 þrep
60 ECTS einingar .....	1 þrep
120 ECTS einingar (MS gráða).....	1 launaflokkur

Mest er hægt að fá 1 launaflokk og 2 þrep vegna formlegs viðbótarnáms.

Sérfræðileyfi í sjúkraþjálfun frá Embætti Landlæknis .....1 lfl til viðbótar.

Hámarksviðbót vegna viðbótarnáms og sérfræðileyfis er þannig 2 lfl og 2 þrep.

- b) Klínísk námskeið sem nýtast starfsmönnum í viðkomandi starfi leiða til hækjunar sem hér segir:

120 klst .....	1 þrep
240 klst .....	1 þrep
360 klst .....	1 þrep
480 klst .....	1 þrep

Mest er hægt að fá 4 þrep vegna klínískra námskeiða.

Hámarksviðbót vegna viðbótarmenntunar, sérfræðileyfis og námskeiða (a+b) er þannig 2 lfl og 6 þrep.

- c) Fagreynsla frá útskrift sem lögg. sjúkraþjálfari veitir hækjun sem hér segir:

10 ára fagreynsla .....	1 þrep
20 ára fagreynsla .....	1 þrep

Mest er hægt að fá 2 þrep fyrir reynslu í faginu.

E.H.

d) Persónubundin hæfni. Hægt að fá 1 þrep fyrir að uppfylla 5 skilyrði:

- Sýna góðan og viðvarandi árangur í starfi
- Sýna áhuga og frumkvæði
- Búa yfir hæfni við lausn vandamála og ákvarðanatöku
- Sýna ástundun og samviskusemi, hæfni til samvinnu og samskipta
- Hefur jákvæð viðhorf til starfs síns og er sveigjanlegur
- Hefur frumkvæði að því að afla sér símenntunar og þekkingar sem nýtist í starfi
- Hefur góða skipulags- og stjórnunarhæfileika
- Tekur að sér fyrirlestra

### 5) Tímabundnir þættir

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun, sbr. gr. 1.3.1 í kjarasamningi aðila. Tímabundnir þættir geta verið þættir á borð við:

- a) Innleiðing verkefna, þróun og nýsköpun – breytingar, vísindastarf o.fl.
- b) Öflun nýrra verkefna og hugmynda – tekjuskapandi verkefni, sparnaðarleiðir o.fl.

### 6) Kröfur umfram starfslýsingu

Hægt er að fá 1 þrep fyrir hvert atriði (hámark 3 þrep):

- Starfinu fylgir kennsla eða ráðgjöf umfram starfsskyldur
- Sérstakt álag viðvarandi eða árstíðabundið
- Sérstaða deildar

### 7) Einstök atriði

- a) Vegna ákvæðis í 2. gr samskomulags SFV og FS dags. 23. október 2015 er varðar útfærslu menntunarákvæðis, skal sú upphæð (1,65% af grunnlaunasummu starfsmanna) sem þar er eyrnamerk mati á menntun og gildir frá 1. júní 2016 til 31. október 2017, reiknuð út og dreift jafnt yfir þá starfsmenn sem samningur þessi tekur til. Eingreiðslan verður greidd í síðasta lagi þann 1. desember 2017. Greiðslan er óháð launaráðun starfsmanna, en í samræmi við starfshlutfall þeirra og starfstíma á umræddu tímabili.

Hafi stofnun nú þegar ráðstafað þessari launasummu til starfsmanna sinna kemur ekki til þessarar eingreiðslu.

LHF  
E.H.

b) Launaröðun sjúkraþjálfara skal yfirfarin og því lokið fyrir 1. desember 2017. Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

### 8) Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir frá 1. nóvember 2017 og skal endurskoðaður eigi síðar en eftir tvö ár, í samræmi við ákvæði kjarasamnings SFV og FS.

Reykjavík, dags 19. 10. 2017

Fh. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Þýbjörg Hauksd.  
Björn Þórhilsson  
Ágúst Þórhilsson  
Luisa El

Fh. Félags sjúkraþjálfara

Uluru Pálðóttir  
Jóhanna Þorvaldsdóttir  
Helgi Ágríðssöldóttir  
Margrét Sigríðardóttir

**Bókanir:**

**Bókun 1**

Núverandi starfsmenn sem eru með hærri föst heildarlaun en gert er ráð fyrir í samningi þessum halda óbreyttum launakjörum á meðan samfelld ráðning varir. Enginn starfandi sjúkraþjálfari skal lækka í launum við það eitt að þessi samningur taki gildi.

Ekki er gert ráð fyrir að nýi samningurinn hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir stofnanir, umfram ofangreindrar 1,65% hækunar vegna 2. gr. samskomulags SFV og FS dags. 23. október 2015. Ef starfsmaður er með fasta yfirvinnu eða aðrar fastar greiðslur umfram kjarasamning á grunnilaun er heimilt að láta þær greiðslur ganga upp í nýja röðun. Miðað er við að heildarlaun starfsmanns breytist ekki. Gera skal skriflegt samkomulag um þetta milli starfsmanns og vinnuveitanda.

Heimilt er að láta yfirvinnutíma/viðbótargreiðslur sem starfsmaður er enn með eftir röðun í nýja samninginn, ganga upp í þrep sem starfsmaðurinn hefði áunnið sér seinna meir skv. hinum nýja samningi. Gera skal skriflegt samkomulag um þetta milli starfsmanns og vinnuveitanda.

**Bókun 2**

Samningsaðilar eru meðvitaðir um að breytingar eru fyrirhugaðar á menntun sjúkraþjálfara og því er nauðsynlegt að samningur þessi verði endurskoðaður með það í huga eigi síðar en á vormánuðum árið 2019.

**Bókun 3**

Núgildandi stofnanasamningur Eirar og Skjóls við Félag sjúkraþjálfara heldur gildi sínu fyrir núverandi og verðandi starfsmenn þeirra stofnana (þ.e. Eirar og Skjóls), á meðan að í því felast betri kjör fyrir þá starfsmenn heldur en samkvæmt þessum stofnanasamningi SFV. Grein 7a (eingreiðslan) í samningi þessum gildir þó einnig fyrir félagsmenn FS hjá Eir og Skjóli.

*W.H.*

## Fundargerð

Samninganefndir Félags sjúkrabjálfara (FS) og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)  
Dags. 19. október 2017, kl 10.00.

### Fundarmenn:

Fh. FS: Unnur Pétursdóttir, Helga Ágústsdóttir, Jóhanna Konráðsdóttir, Margrét Sigurðardóttir.  
Fh. SFV: Eybjörg Hauksdóttir, Águst Jónatansson, Bjarni Grímsson, Kristín Sigurbórsdóttir, Lucia Lund.

## Fundargerð

### Dagskrá

- 1) Stofnanasamningur milli aðila  
Lögð fram drög að stofnanasamningi í samræmi við umræður á fyrri fundum aðila. Lesið yfir og rætt.  
Nýr stofnanasamningur með gildistíma frá og með 1. nóvember 2017 undirritaður.
- 2) Í grein 7a um einstök atriði er fjallað um útfærslu 1,65% menntunarákvæðis. Fundarmenn eru sammála um að líta til útfærslu Landspítala á ákvæðinu.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið.

Undirritun fundarmanna:

Eybjörg Hauksd.  
Bjarni Grímsson  
Águst Jónatansson  
Lucia Lund

Unnur Pétursdóttir  
Jóhanna Konráðsdóttir  
Helga Ágústsdóttir  
Margrét Sigurðardóttir